

Reglugerð fyrir Bikarkeppni Bridgesambands Íslands

1. a) Bridgesamband Íslands skal ár hvert gangast fyrir Bikarkeppni sveita sem er öllum opin. Spilað er um farandgrip sem vinnst til eignar ef hann vinnst þrisvar í röð eða fimm sinnum alls. Ef fjöldi sigursveita eftir fyrstu umferð fellur ekki að tölunum 16, 32 eða 64 þá skal bæta við sveitum sem tapað hafa með minnstum mun þar til veldistala af tveimur fæst (8, 16 eða 32). Hlutkesti ef tvær eða fleiri koma til álita. (Átt er við minnstan mun eftir 40 spil.).

b) Sérregla fyrir 1.umferð 2013. Þær 4 sveitir sem tapa með minnsta mun halda áfram í næstu umferð að því tilskyldu að þær hafi spilað leikinn í síðasta lagi 30. júní.

2. Hver sveit má vera skipuð fjórum til sex spilurum. Sveit sem í fyrri umferðum hefur aðeins verið skipuð fjórum eða fimm spilurum getur bætt við spilurum án sérstakrar undanþágu. Spilari sem þannig bætist í sveit má þó ekki hafa tekið þátt í keppninni með annarri sveit, og stig hans mega ekki hafa verið notuð til að ákveða hvaða sveitir sitja yfir í fyrstu umferð. Mótanefnd getur veitt undanþágu frá reglunni um sex spilara séu sérstakar ástæður fyrir hendi, að mati nefndarinnar, og fyrir liggja skrifleg beiðni frá fyrirliða viðkomandi sveitar. Mótanefnd hefur heimild til að leyfa sveit að sitja yfir í fyrstu (og jafnvel annarri) umferð ef 3 eða fleiri sveitinni eru að sinna landsliðsverkefnum.

3. Dregið skal um hvaða sveitir mætast í hverri umferð og skal dráttur fara fram í fyrstu umferð strax að loknum skráningarfresti til keppinnar. Gefi sveit leik af einhverjum ástæðum, er hún fallin úr keppni. Dráttur í næstu umferð fer fram við fyrsta tækifæri eftir að seinasta leik er lokið í undangenginni umferð. Við dráttinn í 2. og 3. umferð skal séð til þess að tapsveit sem áfram kemst lendi ekki á móti sama andstæðingi og í 1. umferð.

4. Sú sveit sem dregin er á undan skal eiga heimaleik, þó með þeirri undantekningu að hafi mótherjinn átt fleiri útileiki í keppninni til þessa skal hann eiga heimaleik í þeirri umferð. Leikur innan svæðis reiknast í þessu tilfelli heimaleikur.

5. Heimasveitin skal sjá um undirbúning og framkvæmd leiksins. Vanda skal til undirbúnings og ef kostur er spila leikinn á stað þar sem áhorfendur geta fylgst með. Heimaliðið skal tilkynna spilastað og -tíma til BSÍ, og að leik loknum úrslit hans og nöfn þeirra spilara sem tóku þátt í leiknum.

6. Ef ekki næst samkomulag milli fyrirliða sveita um spilatíma skal leikurinn hefjast klukkan 13 síðasta sunnudag á því tímabili sem gefið er fyrir hverja umferð og skal spilastaður vera heimili fyrirliða heimasveitarinnar nema annað sé tilkynnt.

7. Mæti sveit ekki til leiks innan 20 mínútna frá áður ákveðnum spilatíma, eða ef sveit er af einhverjum ástæðum ekki kleyft að hefja leik innan 20 mínútna frá tilskyldum tíma, telst hún hafa tapað leiknum, nema saklausa sveitin bjóði upp á annað. Sveit er heimilt að neita að hefja leik ef spilari í hinni sveitinni er greinilega undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna og telst saklausa sveitin þá hafa unnið leikinn, samanber sömu forsendur og að ofan. Um slík atvik skal tilkynna stjórn Bridgesambands Íslands og geta agabrot af þessu tagi varðað keppnisbanni og öðrum viðurlögum.

8. Keppnisgjald sem ákveðið er af stjórn BSÍ skal greitt fyrir hverja umferð. Þær sveitir sem ekki hafa staðið skil á keppnisgjaldi fyrir eindaga verða ekki hafðar með í drætti fyrir næstu umferð og hljóta andstæðingar þeirra í umerðinni á undan, (ef þeir eru fyrir hendi) réttinn til áframhalds í keppninni.

9. Í fyrstu umferðunum og að undanúrslitaleikjum skulu spilaðir 40 spila leikir (4x10 spil í lotu) og skulu þeir spilaðir eins og um tvo 20 spila leiki væri að ræða. Heimasveitin situr fast í fyrri leiknum en útisveitin í þeim síðari. Þör skulu að öllu jöfnu ekki mætast aftur í 20 spila lotunni nema því aðeins að eitt parið í annarri sveitinni spili MÓS sagnkerfi samkvæmt skilgreiningu Bridgesambands Evrópu EBL og þar með stilli sú sveit upp í allar loturnar. Sú sveit telst hafa unnið leikinn sem hefur hlotið fleiri IMP-stig í lokin. Ef stigin eru jöfn skal leikurinn framlengdur um fjögur spil í einu þar til úrslit fást.

10. Bridgesamband Íslands sér um framkvæmd undanúrslita og úrslita. Undanúrslitaleikir skulu vera 48 spil og úrslitaleikurinn skal vera 64 spil.

11. Gullstig eru veitt í hverri umferð samkvæmt reglum Bridgesambands Íslands og skal fyrirliði sigursveitar sjá um að koma upplýsingum um nöfn og kennitölur spilara til skrifstofu BSÍ. Ekki eru veitt gullstig fyrir yfirsetu eða leiki sem vinnast án spilamennsku vegna forfalla andstæðingsins.

12. Sigurvegarinn í mótinu er sú sveit sem að lokum stendur uppi ósigruð og hlýtur hún sæmdarheitið Bikarmeistari Bridgesambands Íslands. Engin önnur réttindi fylgja titlinum.